

Leiðbeiningar um gerð grisjunaráætlana

Þjóðminjasafn Íslands

Júní 2017

Inngangur

Söfn byggja starfsemi sína á safnkosti, sem hin margvíslegu hlutverk safnastarfsins hverfast um. Mikilvægt er að standa faglega að söfnun og eflingu safnkosts í samræmi við vel skilgreinda söfnunarstefnu. Að bæta nýjum aðföngum í safneignina er langtímaskuldbinding og ákvarðanir um nýja safnmuni ætti ekki að taka að lítt hugsuðu máli.

Í safnkosti margra safna getur verið að finna gripi sem skipta ekki lengur máli fyrir hlutverk safnsins. Engu að síður halda þeir áfram að vera hluti safneignarinnar, og taka þannig pláss og fela í sér kostnað fyrir stofnunina. Af ýmsum ástæðum (t.d. þegar gripir eru metnir óþarfir, hafa orðið fyrir umfangsmiklum skemmdum eða gæði þeirra eru léleg) er grisjun bæði rökrétt og ábyrgt skref.¹

Það geta því komið upp aðstæður þar sem ástæða er til að fjarlægja grip sem er hluti af safnkostinum úr safneigninni. Þessi þörf til að grisja getur verið raunveruleg og aðkallandi, en mikilvægt er að huga að ýmsum formlegum og siðferðislegum atriðum áður en slíkt kemur til framkvæmda. Þessum leiðbeiningum er ætlað að varpa ljósi á helstu þætti sem þarf að hafa í huga við gerð grisjunaráætlana, sem er nauðsynlegur undanfari grisjunar.

Áður en lengra er haldið er rétt að fara aðeins yfir hugtökin að grisja og að farga. Samkvæmt Íslenskri orðabók:

Að grisja: *gera fisinn eða gisnari; gisofinn (blæju) dúkur t.d. sárabindi.*²

Þegar fjallað er um grisjun í samhengi við safnastarf er átt við að færa eitthvað úr safneign. Um er að ræða viðurkennda aðferð þegar hún er framkvæmd á grundvelli viðeigandi löggafar og í samræmi við viðtekið verklag í faglegu safnastarfi og siðareglur, sem endurspeglast í stefnu og verklagsreglum hvers safns.³

¹ American Alliance of Museums, bls. 6. Many museum collections contain objects that may no longer have relevance to the museum's mission. All too often, they remain in the collection, using up space and institutional resources. For this and other reasons (e.g., when items are considered redundant, are damaged beyond repair or are of poor quality), deaccessioning is both a logical and responsible collections management practice.

² Mörður Árnason 2002, bls. 490.

³ American Alliance of Museums, bls. 4. Deaccessioning, the process of removing an item from a museum's permanent collections, is an accepted collections management practice when it is carried out in accordance with relevant legal constraints, field-wide standards and ethical principles reflected in each museum's policies and procedures.

Einnig fer fram einhverskonar grisjun við móttöku gripa inn í safn hverju sinni, þar sem söfnunarstefnan er nýtt sem verkfæri til að meta hvaða aðföngum skuli bætt við safneignina. - Þá má heldur ekki gleyma hvernig tekið er á gripum sem finna má í safninu en hafa ekki verið formlega skráðir, og verður fjallað nánar um slíkar aðstæður hér að neðan.

Samkvæmt Íslenskri orðabók:

Að farga: láta eitthvað af hendi, selja; drepa.⁴

Þegar fjallað er um förgun í samhengi við safnastarf er átt við að ráðstafa einhverju úr safneign.

Lög og reglur

Um grisjun eða förgun safngripa gilda ýmis lög og reglur sem íslenskum söfnum ber að fara eftir. Rétt er að rifja hér upp helstu atriði sem skipta máli í þessu samhengi.

Safnalög nr. 141/2011⁵

Í 9. gr. 7 segir:

Safn skal starfa í samræmi við siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM) og ákvæði laga.

Í 17. gr. er sérstaklega fjallað um förgun safngripa:

Óheimilt er að farga safngripum nema ríkar ástæður séu til. Heimilt er að grisja safnkost á grundvelli grisjunaráætlunar sem höfuðsafn samþykkir.

Það höfuðsafn sem í hlut á tekur ákvörðun um förgun safngripa að fenginni umsögn safnaráðs.

Siðareglur ICOM

Ýmis siðferðisleg álitamál geta komið upp þegar verið er að taka ákvörðun um grisjun safnkosts. Í siðareglum Alþjóðaráðs safna (ICOM) er m.a. eftirfarandi kafli:⁶

GRISJUN SAFNEIGNAR

2.12 Lagavald og annað vald til að ráðstafa gripum úr safneign

Hafi safn lögum samkvæmt heimild til að ráðstafa gripum úr safneign, eða hafi veitt viðtöku gripum sem sérstök ákvæði hvíla á þar að lútandi, þá ber að fylgja í öllu lagalegum og öðrum skilyrðum þar um og viðeigandi verklagi. Ef ákvæði um ráðstöfun eða önnur höft hafa hvílt á grip þegar hann var fenginn til safnsins skal fylgja þeim nema sýnt verði fram á að það sé ógerlegt eða valdi stofnuninni verulegum skaða og má þá leita lögfræðilegra leiða ef við á til að komast undan ákvæðinu.

2.13 Að grisja safneign

Grip eða sýni skal þá aðeins færa úr safneign að fyrir liggi fullur skilningur á mikilvægi hlutarins, eðli hans (því hvort endurnýja megi hann eða ekki), lagalegri stöðu og því hvort slík ráðstöfun geti rýrt traust almennings á safninu.

2.14 Ábyrgð á grisjun safneignar

⁴ Mörður Árnason 2002, bls. 305.

⁵ Safnalög nr. 141/2011.

⁶ Íslandsdeild ICOM 2015, bls. 11-12.

Ákvörðun um grisjun safneignar skal vera á ábyrgð yfirstjórnar í samráði við forstöðumann safnsins og þann aðila sem ber ábyrgð á þeim safngripum sem um ræðir. Sérstakt fyrirkomulag kann þó að eiga við um söfn gripa sem með- höndlaðir eru eða hafðir í notkun (sjá 2.7; 2.8).

2.15 Ráðstöfun gripa eftir grisjun úr safneign

Hvert safn skal hafa fastmótaða stefnu um það með hvaða viðurkenndum hætti má fjarlægja hluti varanlega úr safninu sem gjöf, yfirfærslu, í skiptum, sölu, í skilum til upprunalegs eiganda eða með förgun, þ.e. með hverjum þeim hætti sem felur í sér löglegt afsal eignarhalds í hendur þeim sem við gripnum tekur. Slíkar ákvarðanir skal skrásetja nákvæmlega ásamt öllum upplýsingum um gripinn og hvað um hann varð. Almenn er þess eindregið vænst að gripur sem ráðstafa á úr safneign sé fyrst boðinn öðru safni.

2.16 Tekjur af grisjun úr safneign

Safnkostur safna er varðveittur þar í nafni og fyrir hönd almennings og ekki má líta á hann sem seljanlega eign til tekjuöflunar. Peningum eða öðrum greiðslum sem koma fyrir það sem fært er úr safneign með sölu skal einungis verja safninu [e. collection] sjálfu til góða og að öðru jöfnu til innkaupa safnkosts í safnið.

2.17 Kaup á því sem fært eru úr safneign

Starfsfólki safns og yfirstjórn, fjölskyldum þeirra og fólki þeim nátengdu er óheimilt að kaupa nokkuð úr safneign þeirrar stofnunar sem þau bera ábyrgð á.

Verkferli

Áður en að hægt er að færa grip úr safneign þarf að fylgja ákvæðum laga og fara í gegnum formlegt ferli. Þessu verkferli er ætlað að tryggja að söfn viðhafi fagleg vinnubrögð við framkvæmd verkefna á þessu sviði. Söfn þurfa samkvæmt slíku ferli að rökstyðja ákvörðun sína með skilvirkum hætti og matsferlið ætti að koma í veg fyrir að gripum sé fargað á ófaglegum forsendum. Eftirfarandi er lýsing á því ferli sem safn þarf að fara í gegnum áður en hægt er að ráðstafa grip úr safneign:

1. Gera grisjunaráætlun (sjá nánar hér að neðan).
2. Fá samþykki höfuðsafns fyrir grisjunaráætlun.
3. Framkvæma mat á gildi einstakra gripa í samræmi við grisjunaráætlun.
4. Sækja um um heimild til förgunar til höfuðsafns, sem tekur ákvörðun að fenginni umsögn safnaráðs.
5. Ráðstafa viðeigandi safnmunum úr safneign í samræmi við ákvæði grisjunaráætlunar.

- Að lokum þarf síðan að uppfæra skráningu gripsins, þannig að upplýsingum um hann fylgi niðurstaða matsferlis og ráðstöfun.

Gerð grisjunaráætlunar

Grisjunaráætlun er lýsing á verklagi við grisjun, þar sem fram kemur stefna safnsins um grisjun og getur slík áætlun verið jafn mikilvægur hluti af verkfærakistu safnsins eins og söfnunarstefna. Grisjunaráætlun er því ekki listi yfir hvað á að grisja, heldur frekar skilgreining á þeim viðmiðum sem safnið hyggst nota í þeim tilfellum sem fjallað er um mögulega grisjun. Þegar unnið er samkvæmt grisjunaráætlun er síðan í hverju tilfelli um matsaðtriði að ræða

þar sem hafa þarf hliðsjón af bæði gripnum sjálfum og hlutverki safnsins. Í grisjunaráætlun ætti að skilgreina a.m.k. fjögur lykilatriði í verklagi safnsins:

1. Forsendur grisjunar
2. Ákvörðun um grisjun
3. Ráðstöfun gripa
4. Ráðstöfun tekna

Ferlið við að ákveða hvort grisja skuli ákveðinn grip þarf að vera skýrt aðskilið frá umræðunni um ráðstöfun gripsins. Hugsanlegt verðmæti grips ætti aldrei að vera matsatriði í umræðu um hvort grisja beri viðkomandi grip eða ekki.⁷

1. Forsendur grisjunar

Skilgreina þarf á hvaða forsendum safnið telur rétt að fara í grisjun, og lýsa ætti því hvernig mat á þeim forsendum fer fram. Einnig þarf að hafa í huga með hvaða hætti umræddur gripur kom inn í safnið; var um að ræða gjöf eða arf, fylgdu einhverjar kvaðir eða ekki, eða var gripurinn keyptur? – Saga viðkomandi gripa getur því skipt máli í ferlinu.

Það gæti verið gagnlegt að styðjast við staðlað form (sjá dæmi um slíkt matsblað við grisjun safnkosts í viðauka 1), þar sem tiltekna væru ákveðnar spurningar sem þyfti að fara í gegnum fyrir hvern grip sem væri til skoðunar að grisja, t.d.:

- Er gripurinn skráður?
- Fellur gripurinn að söfnunarstefnu safnsins?
- Er gripurinn hættulegur heilsu manna eða umhverfi sínu?
- Hefur hann varðveislugildi?
- Hvert er ástand gripsins?

2. Ákvörðun um grisjun

Hverjir koma að því að taka ákvörðun um grisjun? Hvernig fer ferlið fram og hverjir taka þátt í því? Er leitað til ráðgjafa og hvernig er staðið að því? Það getur verið mikilvægt að safn leiti ráðgjafar, bæði innan safnageirans og utan (þ.e. hjá sérfræðingum á þeim sviðum sem safnkosturinn tengist) áður en ákvörðun um grisjun er tekin. Hvaða hlutverki gegnir forstöðumaður eða stjórn safnsins í þessu ferli og hver ber ábyrgð á ákvörðun safnsins að óska eftir grisjun? Það er mikilvægt að svör við ofangreindum spurningum sé að finna í því verkferli sem safn styðst við í vinnu sinni á þessu sviði, þannig að ekki komi upp óvissa eða að vikið sé frá réttum vinnubrögðum á miðri leið.

- Jafnframt er mikilvægt, eins og áður segir, að ákvörðun um grisjun sé óháð og aðskilin ákvörðun um ráðstöfun gripa.

3. Ráðstöfun gripa

Hvaða ferli verður fylgt við ráðstöfun gripa? Hverjum verður boðið fyrst að taka við grip sem á að grisja úr safni? Hverjum síðan? Hvaða skilyrði verður að uppfylla áður en ákvörðun er tekin um að eyða safngrip? - Dæmi um ferli sem hægt væri að skilgreina um ráðstöfun gripa:

⁷ American Alliance of Museums, bls. 6. the process of deciding whether to deaccession an object should be separate from the determination of the means for its disposition, as well as from the process of deciding how to use the proceeds from its sale. In no event should the potential monetary value of an object be considered as part of the criteria for determining whether or not to deaccession it.



Í grisjunaráætlun ber að gera grein fyrir því með hvaða hætti gripum væri ráðstafað annað. Rétt er að skilgreina einhverskonar stigveldi þar sem tekið er á því hverjum er boðið fyrst – í þessu dæmi er fyrst reynt að bjóða gripinn öðru viðurkenndu safni, síðan öðru safni (deponering). Ef ekki er áhugi fyrir því hjá þessum aðilum, er næst haft samband við (mögulega) gefendur, þá félagasamtök og svo koll af kolli.

- Þegar ekki er hægt að ráðstafa grip annað er lokaskrefið að senda gripinn í eyðingu.

4. Ráðstöfun tekna

Ef ráðstöfun grips leiðir af sér tekjur fyrir safnið, þarf að skilgreina hvernig megi ráðstafa þeim tekjum „safninu sjálfu til góða“⁸ eða til söfnunar nýrra aðfanga.⁹

Lokaorð

Þessar leiðbeiningar eru settar fram til að vísa menningarminjasöfnum á Íslandi veginn hvað varðar gerð grisjunaráætlana. Söfnin eru þó mörg og ólík, safnkostur þeirra fjölbreyttur og markmið starfseminnar fjölbætt og því ljóst að hvert safn fyrir sig, hvort sem um ræðir byggðasafn, minjasafn eða sérsafn, þarf að taka mið af ólíkum áherslum og hlutverkum eins og þau eru skilgreind í stofnskrá hvers og eins. Skoða þarf hin ýmsu siðfræðilegu álitamál, bæði við gerð grisjunaráætlana og við mat á hverjum einstökum grip.

Söfn eru hvött til að vanda til verka og nýta bæði söfnunarstefnur og grisjunaráætlanir með faglegum hætti. Menningarsögulega gagnasafnið Sarpur getur einnig verið ómetanlegt vinnutæki þegar teknar eru ákvarðanir um söfnun eða grisjun.

Rétt er að stíga varlega til jarðar í þessum efnum, en hafa samt það hugrekki sem til þarf að tryggja vandaða uppbyggingu safnkosts sem nýtist kynslóðum framtíðarinnar til rannsókna, fræðslu og miðlunar.

⁸ Íslandsdeild ICOM 2015, bls. 12. Á ensku er talað um: „benefit of the collection“ og því ljóst að hér er átt við þrengri merkingu safnkosts, en ekki starfsemi safnsins í heild.

⁹ Nánari umfjöllun um álitamál varðandi ráðstöfun tekna má sjá í: American Alliance of Museums 2016.

Heimildir - ítarefni

Americal Alliance of Museums. April 2016. *Direct Care of Collections. Ethics, Guidelines and Recommendations*. Sótt 21.12.2016 af: <http://www.aam-us.org/docs/default-source/default-document-library/direct-care-of-collections-ethics-guidelines-and-recommendations-pdf.pdf?sfvrsn=10>

Íslandsdeild ICOM. *Síðareglur ICOM fyrir söfn*. Sótt 21.12.2016 af: <http://icom.is/sidareglur/>

Museums Association. *Disposal Toolkit. Guidelines for Museums*. Sótt 21.12.2016 af: <https://www.museumsassociation.org/collections/disposal-toolkit>

Mörður Árnason (ritstj.). (2002). *Íslensk orðabók A-L*. Reykjavík: Edda.

Safnalög nr. 141/2011. Sótt 21.12.2016 af: <http://www.althingi.is/lagas/145b/2011141.html>

Viðauki 1 - Dæmi um matsblað við gripjun safngrips

1. Upplýsingar um grip _safnnúmer___ úr Sarpi og/eða úr aðfangabók			
Heiti	Aldur	Eigandi/ notandi	Mynd af grip
Lýsing í Sarpi og/eða aðfangabók			

2. Eins eða sambærilegir gripir varðveittir í safninu

3. Eins eða sambærilegir gripir varðveittir í öðrum söfnum

4. Ástæða grisjunar	Já	Nei	Athugasemdir
Er saga grips þekkt			
Er tilgangur/notkun þekkt			
Hluti af heildarsafni			
Heilsu eða umhverfisspillandi			
Stærð grips			
Ástand grips			
Sýnir söfnunarsöguna?			
Hluti af söfnunarstefnu?			
Ytri aðstæður hindra varðveislu			
Sögulega mikilvægur			
Einstakur í ísl. samhengi			
Einstakur í alþj. samhengi			
Rannsóknargildi			
Sýningargildi			
Framleiddur á Íslandi			
Annað			
Annað			

5. Samantekt

6. Vinnsla innan safnsins


7. Niðurstaða safnstjórnar

8. Niðurstaða höfuðsafns


9. Afdrif grips

Viðauki 2 – Matsferli, dæmi um spurningar sem fara mætti í gegnum

Skráður safnkostur sem fellur að söfnunarstefnu



Skráður safnkostur sem fellur ekki að söfnunarstefnu



Óskráður safnkostur

Stundum er að finna í geymslum safna gripur sem ekki hafa verið formlega teknir inn í safneignina og skráðir, og þar af leiðandi er ekki formlega um safnkost að ræða.

Þegar rætt er um grisjun safnmuna er samt sem áður mikilvægt að gleyma ekki þessum hluta af grisjunarferlinu, sem þó lýtur ekki sömu lögmálum og þegar verið er að færa skráða safngripur formlega úr safneign. Þó er mikilvægt að spyrja af hverju viðkomandi gripur eru yfirleitt í safninu, og á hvaða forsendum var tekið við þeim á sínum tíma (fyrst þeir voru ekki skráðir í safneignina).

Þá er einnig lykilatriði að leita ráðgjafar um mat á gripunum og meta varðveislugildi hans.

